*um helgina

Clapperclaw í Eff Ess

Breski leikhópurinn Clapperclaw sýnir Ben Her í Félagsstofnun stúdenta (Eff ess) annað kvöld, sunnudagskvöld. Húsið er opnað kl. 8. en sýningin hefst kl. 8.30 Að sýningunni lokinni leikur splunkuný hljómsveit, Bláa bandið, til kl. 1.

Miðasala hefst kl. 5 á morgun í anddyri Félagsstofnunar, og er vissara að tryggja sér miða í tíma, því húsfyllir hefur verið hjá Clapperclaw til þessa. Miðarnir kosta 5000 krónur. — ih



Akureyringur í FÍM-salnum


Örn Ingi opnar í dag sýningu í FÍM-salnum við Laugarnesveg, og sýnir þar 51 verk. Eru það olíumyndir, vatnslitamyndir, pastelmyndir, teikningar og skúlptúr. Örn Ingi er borinn og barnfæddur Akureyringur og er þetta fyrsta sýning hans í Reykjavík, en hann hefur áður haldið fjórar einkasýningar fyrir norðan.

— Þema sýningarinnar er landslag með eigin tjáningu, — sagði listamaðurinn í samtali við Þjóðviljann. — Þetta eru ekki átthagamyndir heldur reyni ég að sýna eðli náttúrunnar og stækka upp hið smágerða.

Örn Ingi sagði að nú væru líklega 20 ár liðin síðan Akureyringur hélt síðast einkasýningu á opinberum sýningarstað í Reykjavík. Hann sagði að það hefði bæði kosti og galla að starfa að myndlist á Akureyri. Því fylgdi viss einangrun sem menn yrðu að gera sér grein fyrir og vera í varnarstöðu gegn. Annars hefði öll aðstaða á Akureyri gjörbreyst til batnaðar með tilkomu Háhóls, og væri nú hópur manna sem praktíseraði að sýna og mála, og sýningar komnar upp í tuttugu á ári.

— Hið opinbera hefur þó ekkert gert til að styðja við bakið á myndlistarmönnum — sagði Örn Ingi, — en nú er í uppsiglingu möguleiki á sýningaraðstöðu í nýja íþróttahúsinu sem yrði mjög til bóta.

Sýning Arnar Inga í FÍM-salnum verður opin kl. 2—10 daglega til 21. september, og verkin eru til sölu. —ih



Eyfirðingar drekka kaffi

Árlegur kaffidagur Eyfirðingafélagsins í Reykjavík verður á morgun, sunnudag, kl. 14.00 í súlnasal Hótel Sögu. Öllum Eyfirðingum 67 ára og eldri er boðið sem gestum félagsins.

Fleira verður á dagskrá en kaffidrykkja, m.a. verður haldinn basar og mun allur ágóði renna til menningar- og góðgerðamála í Eyjafirði. Í fréttatilkynningu frá félaginu segir að mikið fjölmenni hafi jafnan verið á Hótel Sögu á þessum kaffidögum og eru allir norðanmenn velkomnir, hvort sem þeir eru búsettir hér syðra eða gestkomandi. — ih

Pólskur píanóleikari í heimsókn

Pólski píanóleikarinn Nelly Ben-Or heldur tónleika á vegum Tónlistarskólans í Reykjavík í Austurbæjarbíói kl. 14.30 í dag, laugardag. Á efnisskrá eru Sónata eftir Haydn, Kreisleriana eftir Schumann, Mazúrkar eftir Szymanowski og Chopin og að lokum Þriðja Sónata Chopins í h - moll.

Nelly Ben-Or fæddist í Varsjá og hélt sína fyrstu opinberu tónleika þar þegar hún var 13 ára. Síðar lauk hún framhaldsnámi með frábærum árangri í Tónlistarakademíunni í Jerúsalem. Hún er nú prófessor við Guildhall School of Music í London.

Hún heldur tónleika og námskeið víða um heim, og hér á landi mun hún halda námskeið á vegum Félags tónlistarkennara. Fer það fram í Tónlistarskólanum í Reykjavík n.k. mánudag og þriðjudag, og verða einkatímar fram eftir vikunni. Á námskeiðinu mun Nelly Ben-Or kynna svokallaða Alexander-tækni, og er það í fyrsta sinn sem sú tækni er kynnt hér á landi, en Nelly Ben-Or er þaulreyndur kennari á því sviði og hefur kennt Alexander-tækni við tónlistarstofnanir í Evrópu, Ísrael og Bandaríkjunum í mörg ár. Alexander-tækni er aðferð, sem beitt er til að öðlast meiri skilning á því hvernig líkaminn starfar í heild. — ih

KR-dagur

KR-ingar halda sinn árlega KR-dag á félagssvæði sínu við Frostaskjól á morgun, sunnudag. Dagskráin hefst kl. 13 með kappleikjum, innan húss og utan.

Þar munu KR-stúlkur leika sinn fyrsta knattspyrnuleik, og að auki verða knattleikir í yngri og eldri flokkum og Old Boys munu sýna hæfni sína úti og inni. KR-konur bjóða uppá kaffi og góðgæti við vægu verði.

Myndlist á Landspítalanum

Nú um helgina hefst á göngum Landspítalans sýning á 14 grafíkmyndum og 10 olíumálverkum eftir Jóhönnu Bogadóttur, og mun sýningin standa í þrjár vikur.

Það færist óðum í vöxt að listaverk séu sýnd á stórum vinnustöðum og stofnunum. Landspítalinn var fyrsta sjúkrahúsið til að taka upp þessa skemmtilegu nýbreytni, en sýningar hafa einnig verið haldnar á Borgarspítalanum. Sagði Jóhanna að sér fyndist þetta spor í rétta átt, því á sjúkrahúsum væri jafnan mikill straumur af fólki og þar af leiðandi margir sem sæu myndirnar, auk þess sem þær lífguðu upp á spítalagangana.

Myndir Jóhönnu eru allar til sölu. Margar þeirra eru nýjar, en sumar hafa verið sýndar áður. — ih



Karl Sighvatsson og þrír liðsmenn Mezzoforte á æfingu. Ljósm. -gel-

Allir í Höllina!

Það ætti varla að hafa farið framhjá neinum að herstöðvaandstæðingar ætla að rokka gegn her í Laugardalshöllinni í kvöld, laugardagskvöld.

Tónleikarnir hefjast kl. 21. Þar koma fram hljómsveitirnar Mezzoforte, Þursaflokkurinn og Utangarðsmenn, og Rokkleikhúsið Táragas flytur dagskrá um „gasbardagann" á Austurvelli 1949. Auk þess fléttast óvænt leikatriði inn í dagskrána.

Hljómsveitirnar þrjár verða allar með nýtt efni, og m.a. munu Utangarðsmenn og Mezzoforte flytja efni af plötum sem koma út á næstunni. Þursaflokkurinn verður með splunkunýtt og hressilegt rokkprógramm í anda kvöldsins.




Veggmyndir úr leir

Sjöfn Haraldsdóttir opnar í dag sýningu á veggmyndum úr leir í Djúpinu við Hafnarstræti. Sýnir hún þar 17 verk, sem öll eru til sölu. Þetta er fysta einkasýning hennar.

Sjöfn fæddist í Stykkishólmi 1953. Hún lauk myndlistarkennaraprófi frá MHÍ 1973 og stundaði framhaldsnám við sama skóla í frjálsri myndlist veturinn 1973-74. 1977 hóf hún nám í veggmyndagerð hjá prof. Róbert Jacobsen við Listaháskólann í Kaupmannahöfn, og mun halda því námi áfram. Hún hefur kennt við Kvennaskólann, Myndlistarskólann í Reykjavík og Víðistaðaskóla í Hafnarfirði.

Sýningin er opin daglega kl. 10-23. 30 og er aðgangur ókeypis. Sýningu Sjafnar lýkur 24. september.

—ih



Ljós og víddir

Vilhjálmur Bergsson opnar í dag sýningu á olíumálverkum og teikningum að Kjarvalsstöðum, og nefnir sýninguna „Ljós og víddir".

Vilhjálmur hefur haldið margar einkasýningar, bæði í Reykjavík og Kaupmannahöfn, og tekið þátt í samsýningum víða um heim. Hann lagði stund á listnám í Kaupmannahöfn og París á árunum 1958-62, og er löngu kominn í hóp þekktustu málara okkar.

Á sýningu hans eru 63 olíumálverk og 10 teikningar. Flest verkanna eru til sölu. Sýningin verður opin til 21. september, kl. 2-10 daglega. — ih